

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

895. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 18. janúar 2016 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Unnur Valborg Hilmarsdóttir aðalmaður, Elín Jóna Rósinberg aðalmaður og Elín R. Líndal aðalmaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála-og stjórnsýslusviðs

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir

Afgreiðslur:

1. **1601027 Lögð fram til kynningar ársskýrsla fjarnámsstofunnar að Höfðabraut 6, árið 2015**
2. **1501121 Lagt fram svarbréf Óbyggðanefndar** dags. 4. janúar sl. Í bréfinu kemur fram að ekki verði tekið tillit til mótmæla sveitarstjórnar Húnaþings vestra um að við skiptingu svæða 9 og 10 í smærri einingar verði landsvæði fyrrum Bæjarhrepps tekið með Dalasýslu en ekki með Strandasýslu.
3. **1601024 Lagt fram bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga** dags. 8. janúar sl. þar sem óskað er eftir ábendingum eða athugasemdum frá sveitarfélögum vegna vinnu við samræmda lóðaafmörkun innan sveitarfélaga vegna mannvirkja á vegum orkufyrirtækja. Byggðarráð felur byggingafulltrúa að skoða málið og gera athugasemdir ef við á.
4. **1601040 Lagt fram bréf Þorbjargar Ingu Ásbjarnardóttur** dags. 14. janúar sl. þar sem hún óskar eftir að gerðar verði breytingar á reglum Húnaþings vestra um frístundakort
Byggðarráð þakkar bréfitara fyrir bréfið og felur sviðsstjóra fjölskyldusviðs að fara yfir ábendingarnar og veita umsögn.
5. **1601044 Lagt fram bréf Sýslumannsins á Norðurlandi vestra** dags. 15. janúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar um leyfi skv. lögum nr. 85/2007 svo og reglugerðar nr. 585/2007. Magnús Ásgeir Elíasson sækir um leyfi til að reka gististað í flokki I að Stóru Ásgeirsá í Húnaþingi vestra. Sveitarstjóra falið að svara erindinu í samráði við byggingarfulltrúa og slökkviliðsstjóra.
6. **1511022 Lagt fram bréf frá Flokkun Eyjafjörður ehf.** sem frestað var á 889. fundi byggðarráðs, þar sem kannaður er áhugi sveitarfélaga til samstarfs um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi. Tilgangur félagsins yrði að halda utan um úrgangsmál á svæðinu og fylgja svæðisáætlun eftir.

Byggðarráð samþykkir að fela umhverfisstjóra að vera tengiliður við Flokkun Eyjafjörður ehf. í viðræðum um framhald verkefnisins. Byggðarráð setur þann fyrirvara á samstarf að ekki verði um fjárhagslegar skuldbindingar að ræða.

7. **Leiguíbúð að Kirkjuvegi 10.** Byggðarráð samþykkir að auglýsa íbúð að Kirkjuvegi 10 lausa til umsóknar.

Samþykkt að taka á dagskrá.

8. **Byggðarráð felur sveitarstjóra að óska eftir fundi með innanríkisráðherra** varðandi samgöngu- og löggæslumál í sveitarfélaginu.

9. **Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar vegna nýtingar á kalkþörungaseti í Miðfirði**

Skipulagsstofnun hefur úrskurðað að nýting á kalkþörungaseti í Miðfirði, 1200 m³ á ári, sé ekki háð umhverfismati. Umsögn um umsókn til töku kalkþörungar var veitt í bréfi til Orkustofnunar dags 18. júní 2015. Í bréfinu var gerð athugasemd við að framkvæmdin teldist ekki háð umhverfismati ásamt eftirfarandi þáttum:

1. Lengd nýtingarleyfis.
2. Umhverfisáhrif og vöktun lífríkis.
3. Áhrif á aðra starfsemi.
4. Flutning efnis sem tekið er til fullvinnslu annars staðar.

Byggðarráð gerir athugasemd við að þrátt fyrir umsögn og athugasemdir við ofangreind atriði úrskurðar Skipulagsstofnun að nýting á kalkþörungaseti í Miðfirði sé ekki háð umhverfismati. Sveitarstjóra er falið að kæra niðurstöðuna fyrir hönd Húnaþings vestra í samræmi við framangreindar athugasemdir.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl:15:52

Elín Jóna Rósinberg

Unnur Valborg Hilmarsdóttir

Elín R. Líndal

Guðný Hrund Karlsdóttir

Guðrún Ragnarsdóttir